

Hafnarfjarðarkaupstaður
Strandgötu 6
220 HAFNARFJÖRÐUR

Garðabær, 6. ágúst 2024
Málsnúmer: 202406-0051
LA

Efni: Umsögn um breytingartillögur á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna stækkunar Straumsvíkurhafnar og stækkun efnistökusvæðis í Rauðamelsnámu

Vísað er í tölvubréf frá Hafnarfjarðarbæ í gegnum Skipulagsgátt, dags. 24. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um kynningu tillögu á vinnslustigi vegna aðalskipulagsbreytinga vegna stækkunar Straumsvíkurhafnar og stækkun efnistökusvæðis í Rauðamelsnámu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillögur á vinnslustigi um aðalskipulagsbreytingar en mun ekki veita umsögn á þessu stigi málsins. Á árinu 2023 og 2024 hefur stofnunin hins vegar skilað nokkrum umsögnum varðandi stækkun Straumsvíkurhafnar og stækkun efnistökusvæðis við Rauðamelsnámu. Vísað er í þessar umsagnir á vef Náttúrufræðistofnunar sem má finna undir slóðinni <https://www.ni.is/is/stofnunin/radgjof/umsagnir>.

Þá bendir stofnunin á að fyrirhuguð stækkun Straumsvíkurhafnar og Rauðamelsnámu eru nú í umhverfismatsferli og því æskilegt að beðið sé álits Skipulagsstofnunar.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum skipulagsins.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

